Alþýðusamband Íslands

Jöfnun lífeyrisréttinda voru ein af meginmarkmiðum kjarasamninga ASÍ og SA í maí 2011 - um loforð og efndir ríkisstjórnar vegna lífeyrismála?

Jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins hafa verið í brennidepli í kjölfar efnahagshrunsins. Bæði eru lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna mun ríkulegri en á almenna vinnumarkaðinum og algerlega varin fyrir sveiflum á bæði fjármálamarkaði og tryggingafræðilegri samsetningu á meðan almennu lífeyrissjóðirnir verða að mæta þessum sveiflum með breytingum á réttindum eða hækkun á iðgjöldum. Þannig var aukinni örorku og lengri meðalævi mætt með hækkun iðgjalda árið 2004 en afleiðingum efnahagshrunsins með því að lækka réttindi.

Í kjarasamningunum frá því í maí var jöfnun lífeyrisréttinda eitt af megin viðfangsefnum bæði milli samningsaðilanna og eins í samskiptum Alþýðusambandsins við stjórnvöld. Kom þetta í framhaldi af stefnumörkun innan Alþýðusambandsins undanfarin misseri og kröfu Alþýðusambandsins um að fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að staðinn yrði vörður um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna myndi einnig ná til félagsmanna Alþýðusambandsins.

Í samningunum náðist samkomulag um markviss skref í því að jafna lífeyrisréttindi landsmanna. Um er að ræða þrjá mikilvæga áfanga á þessari vegferð.

Í fyrsta lagi er samkomulag milli ASÍ og SA um að mótframlög atvinnurekenda í lífeyrissjóði hækki úr 8% í 11,5%. Til að koma í veg fyrir að þessi hækkun skaði samkeppnisstöðu atvinnulífsins og koma í veg fyrir að henni verði velt út í verðlagið verður þetta gert í áföngum sem hefjast 2014 og verði lokið árið 2020. Samtök atvinnulífsins settu það sem forsendu að fundin yrði lausn á vanda A-deildar LSR og að jöfnun lífeyrisréttinda upp á við væri liður í víðtæku samráði um nýtt samræmt lífeyriskerfi allra landamanna á sjálfbærum grunni. Um þessa forsendu verður fjallað við endurskoðun kjarasamninga í janúar 2013, en vinna við nýtt lífeyriskerfi hefur legið niðri síðan í byrjun febrúar.

Í öðru lagi lagði ASÍ höfuðáherslu á það við ríkisstjórnina að bætur lífeyristrygginga (og atvinnuleysisbóta) hækki með hliðstæðum hætti og hækkun lægstu launa á vinnumarkaði. Almenna lífeyriskerfið var stofnað árið 1969 og mun ekki ná fullum þroska fyrr en 2025, á meðan það opinbera var stofnað 1946 (í núverandi mynd en æðstu embættismenn fengu lífeyrisrétt að danskri fyrirmynd í upphafi síðustu aldar) og hefur fyrir löngu náð slíkum þroska. Af þessari

ástæðu þarf launafólk í almennu stéttarfélögunum að treysta á bætur frá almannatryggingum á meðan réttindi opinberra starfsmanna eru það ríkuleg að þeir þurfa í mun minna mæli að reiða sig á almannatryggingarnar. Það er því óásættanlegt að fyrirheitin um að staðinn yrði vörður um lífeyrisréttindin nái aðeins til opinberra starfsmanna en til þess að það hafi eitthvað gildi gagnvar félagsmönnum ASÍ verður fyrirheitið einnig að ná til almannatrygginga því þar er réttur okkar fólks að mestu vistaður.

Þessa áherslu Alþýðusambandsins samþykkti ríkisstjórnin efir langt samningaþóf og gaf eftirfarandi yfirlýsingu:

,,Stjórnvöld munu endurskoða bætur almannatrygginga með hliðsjón af niðurstöðum kjarasamninga milli ASÍ og SA, þannig að lífeyrisþegar og atvinnulausir njóti hliðstæðra kjarabóta og um verður samið í kjarasamningum.''

Í kjölfar kjarasamninganna í maí hækkaði velferðarráðherra síðan með stuðningi bæði ríkisstjórnar og Alþingis bætur almannatrygginga með hliðstæðum hætti og um var samið milli ASÍ og SA vegna þeirra sem eru á lægstu launum á vinnumarkaði, eða um kr. 12.000. Jafnframt samdi fjármálaráðherra við starfsmenn sína með hliðstæðum hætti, þ.e. með áherslu á hækkun lægstu launa líkt og á almenna vinnumarkaðinum. Áform um að skipta um kúrs nú og hækka almannatryggingar (og atvinnuleysisbætur) einungis um 3,5% kom því eins og þruma úr heiðskýru lofti og er klárt brot á fyrrgreindum loforðum. Að telja hækkun lægstu bóta hliðstæða hækkun þeirra sem eru með laun yfir 300 þús.kr. er mjög langt gengið og leiðir til þess að bætur almannatrygginga hækka um 1,5 miljarða króna minna en fyrirheit voru um.

Í þriðja lagi lagði ASÍ áherslu á það við stjórnvöld að fundin yrði leið af hálfu stjórnvalda til að koma til móts við erfiða stöðu almennu lífeyrissjóðanna vegna fjármálahrunsins. Tillaga ASÍ var að stjórnvöld legðu 2% af tryggingagjaldsstofni í 15 ár í sérstakan sjóð sem ráðstafað yrði til að koma til móts við það launafólk sem komið er á eftirlaun eða fast að töku eftirlauna og mátt hefur þola skerðingu réttinda vegna fjármálahrunsins. Var þessi krafa byggð á því að eftir fjármálahrunið hefur ríkisstjóður ábyrgst um 50 miljarða króna vegna taps LSR vegna A og B deildar ásamt lífeyrisréttindum alþingismanna, ráðherra og æðstu embættismanna. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga 5. maí segir:

,,Jöfnun áunninna lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins er viðamikið og brýnt verkefni, samanber það sem að ofan greini um samræmt og sjálfbært lífeyriskerfi fyrir vinnumarkaðinn í heild. Gripið hefur verið til almennra skerðinga á lífeyrisgreiðslum í lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ vegna áfalla sem þeir hafa orðið fyrir í tengslum við hrun fjármálakerfisins. Ástæða er til að bregðast sérstaklega við þeim vanda sem hér um ræðir. Það gæti t.a.m. falist í þátttöku ríkisins í inngreiðslum til að jafna uppávið lífeyrisréttindi í almenna kerfinu eftir því sem og þegar aðstæður í ríkisfjármálum leyfa og þá á 10 – 15 ára tímabili. Stjórnvöld lýsa sig reiðubúin til skipa þegar í stað starfshóp með fulltrúum ASÍ, SA og fjármálaráðherra til að gera tillögur um hvernig það verði gert og skal hann skila niðurstöðum fyrir lok september 2011 sem verði lagðar fyrir Alþingi.''

Sá starfshópur sem nefndur er hefur haldið einn fund þar sem farið var yfir greiningu Talnakönnunar á tilteknum spurningum, en tillögur um frekari úrvinnslu hefur ekki enn sem komið er verið sinnt. Í samskiptum við stjórnvöld í vor lá það hins vegar fyrir að þetta ákvæði yrði hluti þeirra atriða sem Alþýðusambandið myndi leggja áherslu á við endurskoðun kjarasamninga í janúar 2012.

Í fjárlagafrumvarpinu og tengdum bandormi vegna tekjuhliðar fjárlaga hefur ríkisstjórnin lagt það til að lagðar verði beinar álögur á lífeyrissjóðina. þrátt fyrir yfirlýsingu sína um að ,,bregðast sérstaklega við þeim vanda'' að skerðingar þurfti réttindi í almennu lífeyrissjóðunum vegna fjármálakreppunnar og að það gæti til að mynda falist í ,,þátttöku ríkisins í inngreiðslum til að jafna uppávið lífeyrisréttindi í almenna kerfinu''. Óhjákvæmilega munu þessar álögur skerða lífeyrisréttindi á almennum vinnumarkaði og auka kostnað ríkissjóðs (og sveitarfélaga) vegna ábyrgðar þeirra á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna sem skattgreiðendur verða síðan að standa skil á.

Hér er um að ræða tillögu ríkisstjórnar um að láta sérstakan 10,5% launaskatt á fjármálafyrirtæki einnig ná til lífeyrissjóðanna. Helstu rök fjármálaráðherra fyrir þessum skatti er, að fjármálafyrirtæki beri ekki virðisauaskatt af þeirri þjónustu sem þeir veita. Alþýðusambandið er að mörgu leiti sammála þessari áherslu, það er skrýtið ef maður ræðir við óháða ráðgjafa eins og endurskoðendur um fjármáli sín borgar maður virðisaukaskatt en ekki ef maður talar við bankaráðgjafan (sem seint verður talin óháður!). Hins vegar er það þannig að starfsemi lífeyrissjóðanna er að lang stærstum hluta varsla lífeyrissparnaðs landsmanna og á það ekkert skylt við það sem ráðherrann er að leggja áherslu á. Vænta má að þetta þýði um 250 mill.kr. álögur á lífeyrissjóðina á ári verði þetta að veruleika.

Hér er einnig um það að ræða að lífeyrissjóðir taki þátt í því að greiða kostnað vegna umboðsmanns skuldara, en ætla má að það sé um 75 mill.kr. álögur á ári. Þó starf umboðsmanns sé mikilvægt og byggi m.a. á tillögum ASÍ um brýna úrlausn skuldamála er vandséð að leita á náðir þeirra sem eru með lökustu lífeyrisréttindin en veita ríkisábyrgð gagnvart þeim sem búa við ríkustu réttindin!

Hér er að lokum um það að ræða, að ríkisstjórnin leggur það til til að lagður verði á lífeyrissjóðina sérstakur eignarskattur upp á 2,8 miljarða króna næstu tvö árin til að fjármagna sérstakar vaxtabætur vegna fjármálahrunsins. Í sama frumvarpi leggur ráðherra fjármála til að heimild lífeyrissjóða til að starfa með allt að 15% halla á milli eigna og skulda verði framlengd. Þannig að lífeyrissjóðirnir sem skulda meira en þeir eiga verða látnir borga eignarskatt! Afleiðingin getur ekki orðið önnur en sú að stjórnir þeirra verða að leggja til við ársfund sjóðsfélaga að dregið verði úr skuldum sjóðanna með því að skerða réttindi sjóðsfélaga.

Allar þessar aðgerðir, þ.e. skerðing á hækkun almannatryggingga og sérstakar álögur á lífeyrissjóðanna, munu leiða til þess að lífeyrisréttindi launafólks á almennum vinnumarkaði skerðast verulega á næstu misserum. Á sama tíma munu lífeyrisréttindi þeirra opinberu starfsmanna, sem aðild eiga að LSR eða lífeyrissjóðum sveitarfélaganna, standa óbreytt eða aukast í samræmi við umsamdar launahækkanir. Þannig mun ríkisstjórnin valda því að eitt að höfuðmarkmiðum þessara kjarasamninga um að jafna lífeyrisréttindi á vinnumarkaði næst ekki,

þvert á móti mun bilið milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins aukast verulega frá því sem verið hefur!

En hvers vegna telur ríkisstjórnin að almennt launafólk, einkum það sem verið hefur í aðildarfélögum Alþýðusambandsins og komið er á eftirlaun eða hefur misst starfsgetuna og farið á örorku, eigi að greiða þennan reikning? Við því hafa ekki fengist nein svör, enda ekkert sem getur varið þessa aðgerð, en setur Alþýðusambandið óneitanlega í þá stöðu að setja upp sterkar varnir gegn þessum áformum.